



Fundargerð hreppsnefndar 03. mars 2016

Fundur

Fundur nr. 37 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur verður haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 3. mars 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Velferðarnefndar dags. 27. janúar 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Menningarnefndar dags. 9. febrúar 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja dags. 24. febrúar 2016
Magnús Már, einn fulltrúa í vallarhúsnefnd, kynnti uppdrættina nánar með slæðusýningu en síðan samhljóða samþykkt að fela oddvita, sveitarstjóra og starfsmanni byggingafulltrúa að vinna áfram að málinu. Er þeim falið að fá svæðið deiliskipulagt og leita tilboða í heildarhönnun hússins.

d. 141. fundar félagsmálanefndar
Lagt fram til kynningar.

e. Samgöngunefndar SSA dags. 11. febrúar 2016
Lagt fram til kynningar.

f. 26. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga
Lagt fram til kynningar.

g. Stjórnar SSA dags. 16. febrúar 2016
Lagt fram til kynningar.

h. Stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 18. febrúar 2016
Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum, Sigríður Bragadóttir sat hjá.

i. Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 19. febrúar 2016
Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Nikulási Alberti Árnasyni

Steingrímur yfirgefur fundinn undir þessum lið. Las oddviti tillögu sína að svari við bréfi bréfitara og var síðan samþykkt samhljóða að oddviti svari bréfinu, sem hér fer á eftir:

Svar við bréfi frá Nikulási Alberti Árnasyni dags 2.2.2016

Sæll, fyrst langar mig til að útskýra málið frá okkar hlið.

Þann 29.2.2016 fundaði sveitarstjórn með sveitarstjóra og óskaði eftir hans hlið á þessum samskiptum. Eftir þann fund er vart hægt að skilja málið öðruvísi en að þarna hafi orðið leiðinlegur misskilningur. Það kom jafnframt fram í svari hans að leitað hefði verið sátta um þetta mál.

Skilningur sveitarstjóra á orðum þínum „Í lok samtalsins tjáði ég honum að við vildum formlega sækja um, fyrir hönd okkar feðga“ var sá að send yrði inn formleg umsókn, en sveitarstjóri ætlaði að sjá til þess að hún bærist hreppsnefndinni. Þar sem hann var að fara í orlof lét hann skrifstofustjóra vita af málinu.

Áður en fundarboð var sent út hafði skrifstofustjóri samband við sveitarstjóra með textaskilaboðum og spurði eftir umsókn frá Nikulási. Sveitarstjóri svaraði því til að engin umsókn hefði borist.

Oddviti og skrifstofustjóri útbjuggu og sendu út fundarboð þann 1.2.2016, þar var á dagskrá undir lið 2.a Umsókn um Þorbrandsstaði. Seinna þennan dag varð þessi misskilningur um hvað teldist formleg umsókn ljós, þá var þér/ykkur (feðgunum) boðið að senda inn umsókn, enda ennþá nægur tími til að koma löglegum fundargögnum til fundarmanna, og sannarlega hægt að taka málið fyrir undir lið 2.a.

Til að svara að lokum þeirri spurningu sem beint er til sveitarstjórnar í bréfinu „Mig langar að fá svör við því af hverju hann sendi ekki inn umsóknina eins og um var talað og eins þegar Baldur minnti hann á það, afhverju hann neitaði því sem var rætt um og hann lofaði“.

Það er skilningur sveitarstjóra að formleg umsókn er skrifleg, hvort sem hún væri send inn rafrænt, eða bærist á pappír. Því taldi hann að ekki hefði borist umsókn. Það var ekki hans skilningur eftir samtal ykkar að hann hefði ætlað að koma einhverju á pappír fyrir ykkar hönd til að leggja fyrir sveitarstjórn á formlegum fundi.

Þegar Baldur spyr eftir umsókninni hefur hún ekki ennþá borist.

Hvað varðar það sem var rætt um og hverju hann lofaði, þá er erfitt að svara nákvæmlega hvað fólst í þeirri umræðu og hver þau loforð voru, enda ekki nákvæmlega farið úti það í þessu bréfi. Þó kom það fram í máli sveitarstjóra að hann hafi verið áhugasamur um verkefnið og verið boðinn og búinn til aðstoðar eftir hans bestu getu, enda áhugamaður um fjölbreytt og uppbyggileg verkefni innan sveitarfélagsins.

Þar sem ljóst er að sveitarstjórn hefur ekki forsendur til að setjast í dómaraastól í þessu máli getur hún ekki annað en harmað þennan misskilning.

F.h. sveitarstjórnar,
Stefán Grímur Rafnsson, oddviti Vopnafjarðarhrepps.

b. Þorsteini Halldórssyni

Eyjólfur yfirgaf fundinn undir þessum lið. Oddviti var með tillögu að bókun sem samþykkt var samhljóða og er svofelld:

Sveitarstjórn þakkar Þorsteini setu hans í fræðslunefnd sveitarfélagsins. Sæti Þorsteins tekur Ingvar B. Eðvarðsson sem var varamaður í nefndinni.

3. Almenn mál:

a. Ljósleiðaramál

Magnús Már, sem setið hefur fundi um málefnið f.h. sveitarfélagsins, kynnti stöðu þess. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra og Magnúsi að kalla Karl Hálfðánarson Radíóveri Garðabæ til fundar og finna hentugan tíma fyrir hann.

b. Virkir íbúar á Vopnafirði

Lögð fram verkefnistillaga ILDIs og varðar íbúáþing, umgjörð þess og eftirfylgni. Gerði sveitarstjóri nánari grein fyrir verkefninu. Samþykkt samhljóða að sveitarstjóra og oddvita verði falið að vinna áfram að málinu.

c. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vopnafjörð 2015-2020

Lögð fram drög að stefnumótun fyrir árin 2015-2020. Samhljóða samþykkt að skipa nefnd um stefnumótun ferðaþjónustu á Vopnafirði og hana skipi Sigríður Bragadóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Steingrímur R. Árnason.

d. Jafnréttisáætlun fyrir Vopnafjarðarhrepp síðari umræða

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða jafnréttisáætlun sveitarfélagsins og hún send Jafnréttisstofu.

e. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra og Sigríði Bragadóttur að vinna að umsögn um málið.

f. Drög að fundarplani sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 2016-2018

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:51.

[Fylgigögn fundar 030316 - 2.pdf](#)